

Sp.

250. Tillaga til þingsályktunar

um bætur vegna ofviðristjóns í Flateyjarhreppi og Suðurfjarðahreppi.

Flm.: Sigurður Einarsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða á yfirstandandi ári allt að 2500 krónur til þeirra, sem urðu fyrir tjóni af ofviðri í Flateyjarhreppi 19. nóv. síðastliðinn, og jafnmikla upphæð til þeirra, sem urðu fyrir tjóni af sama ofviðri í Suðurfjarðahreppi. Hreppsnefnd úthluti fénu á hvorum stað i hlutfalli við tjón það, er menn hafa beðið.

Greinargerð.

Hreppstjóri Flateyjarhrepps skýrir mér svo frá, að í ofviðri því, sem hér ræðir um, hafi 7 „trillu“bátar og 8 árabátar skemmt að meira eða minna leyti, og sé skaðinn lágt metinn á 3500 krónur. Þó að hér sé ekki um stóra upphæð að ræða, þá er þess að gæta, að hér eiga fátækir menn í hlut, sem mjög eiga erfitt með að bæta sér þennan skaða, en lífsbjörg þeirra og atvinna hinsvegar í beinni hættu, ef þeir geta ekki haldið bátum sínum í nothæfu ástandi. Á einu býli í Eyjahreppi, Sviðnum, er mér t. d. tjáð, að skemmt hafi allir bátar og sumir eyðilagzt með öllu, og má nærri geta, hvilíkt áfall það er fátækum mönnum, er ekki komast bátlausir frá bæ sínum, að verða fyrir slíku.

Sama máli gegnir um Suðurfjarðahrepp. Ofviðrið olli þar bæði manntjóni og tjóni á bátum. Nemur sá skaði miklu meiri upphæð en þeirri, sem hér er farið fram á. Hér er aðeins farið fram á nokkra aðstoð til þeirra, sem harðast hafa orðið úti.

Ég vil leyfa mér að vænta þess, að háttvirt Alþingi sjái sér, samkvæmt fyrri venju sinni og fordæmi, fært að bregðast drengilega við nauðsyn þessara manna og samþykkja framanritaða tillögu til þingsályktunar um þennan styrk þeim til handa, er hér hafa orðið fyrir svo þungum búsisfjum. Fjárhæð sú, sem hér ræðir um, dregur ríkissjóð ekki tilfinnanlega, en getur hinsvegar riðið baggamuninn um afkomumöguleika þeirra, sem fyrir tjóninu hafa orðið og ekki megna af eigin rammleik að bæta sér það.